


Hofsjökull kom 12 júní 1964

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.



Hofsjökull kom nýr til landsins 12 júní 1964 og siglir hér inn í höfnina í Reykjavík.

Jöklar h/f var eitt útgerðarfélaganna á Íslandi sem á sínum tíma gerðu út flutningaskip í samkeppni við önnur íslensk skipafélög sem kepptu þá á markaðnum um bitanna sem til skipta voru. Margir muna eftir skipum Jökla h/f sem sigldu um hafnir íslenskar í áraraðir og fjöldi manna starfaði á sem og í kringum útgerðina sjálfa í landi. Bæði heima og erlendis.

Jöklar h/f var stofnað árið 1947 og rak tvö lítil frystiskip en er um 1960 kominn með stærri skip sem fluttu frosinn fisk út en annarskonar vörur heim í þá beinu samkeppni við Eimskipafélagið sem að sögn tókst að bola hinu út af markaðnum með tíð og tíma með undirboðum. Jöklar h/f hættu starfsemi um miðjan sjöunda áratug seinustu aldar.


Hofsjökull veitti höfnum hringinn í kringum landið lengi vel þjónustu og muna margir eftir hvítmálaða skipinu sem tók frystan fisk og fór með yfir til Ameríku. Og þá líklega betur eftir að skipið komst í eigu Eimskipa sem rak það í allmörg ár undir nafninu Hofsjökull og sumir sögðu um að væri alltaf útlitandi eins sig stífbónaður bíll og var sumpart rétt því skipinu var afskaplega vel við haldið að alltént þessu leiti. Hvað sem um annað má segja.



Glæsilegt skip og 2500 tonn að stærð.

Hvort Hofsjöklarnir voru aðeins tveir í rekstri hér við land veit höfundur ekki en veit þó að 12 júní 1964 sigldi 2500 tonna frystiskip inn í Reykjavíkur höfn fánum prýtt stafna á milli undir þessu nafni Hofsjökull, og er ekki sama skip og hitt sem nefnt var. Enda talsvert minna skip heldur en hinn Hofsjökull, muni höfundur rétt.

Hofsjökull sem kom 1964 var smíðaður Grangemouth Dockyard skipasmíðastöðinni í Skotlandi og er svo að sjá að skipið hafi verið smíðað fyrir Jökla h/f og sé því spánýtt er það sigldi inn í höfnina í Reykjavík fyrsta sinn. Samkvæmt lýsingu eru lestar skipsins klæddar fullkominni einangrun. Sagt er og í fréttinni að Hofsjökull sé 725 tonnum stærra heldur en Drangjökull sem hingað til hafi verið stærsta skip félagsins.



Glæsilegt skip

Ganghraði Hofjökuls var 13, 5 sjómíllur og haft með í fréttinni að sjónvarpstæki væri til afnota áhöfninni og þótti ástæða til að taka það sérstaka mál fram í þessari frétt um komu skipsins og er á sinn hátt skiljanlegt sé tíðaranum veitt athygli á sömu stund. Þá skal haft í huga að sjónvarpstæki voru sjaldséðir fuglar á heimilum íslenskur á þessum tíma og fráleitt orðin almenningseign en greinilega orðin áhugaveðurur kostur í augum margra landsmanna. Til að mynda fréttamanns.

Skipstjórinn sem sigldi skipinu til hafnar þennan ágæta dag árið 1964 heitir Ingólfur Möller.



Nýi Hofsjökull.



M.S. HOF SJÖKULL

Vöruflutningaskip (frystiskip) úr stáli með 8.000 ha. NIIGATA-dísilvél. Stærð (hærrí mæling) 2.939 brúttórúml., 1.532 nettólestir. Aðalmál: Lengd 113,7 m, breidd 16,03 m, dýpt 6,10 m.

Hofsjökull er smíðaður í Kure í Japan árið 1973. Skipið var keypt hingað til lands frá Noregi af hf. Jöklu. Hofsjökull er eitt af stærstu skipum Íslendinga og heimahöfn er Reykjavík.